

AUGLÝSING

um samþykkt breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sem hér segir:

Skarhólabraut 1.

Breytingin felur í sér að lóðinni Skarhólabraut 1 verður skipt upp í tvær lóðir, Skarhólabraut 1 og 3. Samkvæmt aðalskipulagi Mosfellsbæjar er nýja lóðin, Skarhólabraut 3, á svæði fyrir verslun og þjónustu, 418-VÐ. Lóðarstærð er 6.580 m², leyfilegt er að reisa tveggja hæða hús á hluta lóðarinnar með hámarkshæð 8 m. Tvær nýjar aðkomuleiðir verða frá Skarhólabraut. Nýtingarhlutfall er 0,30.

Ofangreind breyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 21. október 2019,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. október 2019